

124. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
5. 5. 2021 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Hrafnkell Guðnason, Gunnar Þór Jóhannesson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Ragnhildur Jónsdóttir

Verkefnastaða, fjárhagur og framtíðarsýn Nýheima þekkingarseturs

Hugrún Harpa fór yfir fjárhag setursins og stöðu verkefna. Umræður sköpuðust um áherslur í starfsemi og rekstri setursins. Starfsemin er í dag mjög háð sjálfsaflafé og gerir það langtíma áætlunum erfitt fyrir, fjárhagsstaða verður metin aftur í lok árs við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2022. Vinnufundur stjórnar verður haldinn í lok maí þar sem stjórn mun fjalla um stoðir setursins og fara nánar yfir áherslur og markmið í starfinu.

Erindi frá Fræðslunetinu, Símenntun á Suðurlandi

Fyrir fundinum lá erindi til stjórnar NP frá Fræðslunetinu, símenntun á Suðurlandi. Með erindinu óskar Fræðslunetið formlega eftir samstarfssamningi við Nýheima þekkingarsetur. Erindið kemur í kjölfar fundar sem vinnuhópur stjórnar um verkefnið „Ævimenntun á Suðausturlandi“ átti með fulltrúum Fræðslunetsins.

Stjórn fagnar áhuga Fræðslunetsins á að styrkja tengslin við setrið og minnir á fyrri óskir um aðild Fræðslunetsins að Nýheimum þekkingarsetri. Samstarf við Fræðslunetið mun ekki breyta áformum um umsókn setursins um að verða viðurkenndur fræðsluaðili.

Forstöðumanni og formanni falið að svara erindinu.

Önnur mál

Eyjólfur sagði samstarfi veitingasölnunar í Nýheimum við Nettó sem felur í sér að veitingasalan nýtir hráefni frá Nettó og bjóði til hádegisverðar í Nýheimum. Markmiðið er að vinna gegn matarsóun og stuðla að samveru íbúa í Nýheimum. Viðburðir þessir verða þá nýttir til léttar umfjöllunar um ýmis málefni.

Eyjólfur vakti athygli á því að Nýheimar verða 20 ára á næsta ári og lagði til að hugað yrði að því hvernig mætti halda uppá daginn.

Vilhjálmur sagði frá umsóknum sem samstarfshópur um nýsköpun vann að og sótti um til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Kristín sagði frá því að fulltrúar verkefnisins Orkídeu komu í heimsókn í Nýheima í vikunni. Orkídea er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Fundi slitið klukkan 9:45

Vilhjálmur Magnússon
Hugrún Harpa Reynisdóttir